Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Jörfi

2025 – 2026

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans 3

1 Greinargerð leikskólastjóra 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 6

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 8

4 Innra mat yngri deilda 2024-2025 13

4.1 Styrkleikar 13

4.2 Tækifæri 14

5 Umbótaáætlun yngri deilda 2025-2026 14

6 Innra mat eldri deilda 2024-2025 16

6.1 Styrkleikar 16

6.2 Tækifæri 16

7 Umbótaáætlun eldri deildar 2025-2026 17

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. 18

9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt 20

10 Foreldrasamvinna 21

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 22

12 Fylgiskjöl 23

Leiðarljós leikskólans

Gleði - við mætum glöð í skólann og njótum dagsins saman í gleði.

Sköpun - Við bjóðum skapandi umhverfi til að geta börnin skapað og fundið að hugmyndir þeirra eru metnar að verðleikum.

Virðing - Við stuðlum að jákvæðum samskiptum og bjóðum upp jákvætt umhverfi þar sem börn, foreldrar og starfsfólk geta liðið vel.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nýtt upphaf og ný skólastefna

Skólaárið hófst með ýmsum breytingum – nýr stjórnandi tók við ágúst 2024 og vinna hófst við að móta nýja skólastefnu. Á skipulagsdögum um haustið lögðum við grunn að nýrri menningu í Jörfa. Við kynntum ný gildi leikskólans: Gleði – Sköpun – Virðing, sem hafa síðan orðið leiðarljós í allri okkar vinnu. Nýja stefnan var einnig kynnt fyrir foreldrum Jörfa á aðalfundi foreldrafélagsins. Foreldrar sýndu mikinn áhuga og voru spenntir fyrir breytingunum.

Á þessum dögum fengum við kynningu á Reggio Emilia hugmyndafræðinni, mikilvægi skapandi námsumhverfis og jákvæðum samskiptum við börn og samstarfsfólk. Við lærðum að sjálfsprottinn leikur er lykilatriði í námi ungra barna – og höfum tekið það með okkur í daglegt starf.

Við höfum þróað okkar eigin málstefnu. Málstefna okkar byggir á málstefnu Reykjavíkurborgar ásamt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Jafnræði og jafnrétti eru lykilhugtök í íslenskri málstefnu og er kjarninn jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Markmið stefnunnar er að ýta undir mikilvægi þess að íslenska sé í hávegum höfð innan leikskólans án þess þó að útiloka önnur tungumál.

Innleiðing og sýnilegar breytingar

Innleiðing nýrrar skólastefnu hefur gengið vel. Foreldrar og gestir hafa tekið eftir breytingunum og andi Reggio Emilia hugmyndafræðinnar birtist nú smám saman í umhverfi og starfsháttum skólans.

Í september 2024 tókum við þátt í samkeppni sem *Samtök áhugafólks um skólaþróun* stóðu fyrir. Ég tilnefndi nýtt skipulag á sameiginlegu leiksvæði – bókasafninu og kubbasvæðinu – og Jörfi var valinn einn af fimm skólum sem hlutu viðurkenningu. Við fengum 50.000 kr. verðlaun sem voru notaðar til

að bæta leikskólann enn frekar. Grein um verkefnið birtist í Skólaþráðum undir heitinu „Skapandi námsumhverfi í leikskólanum Jörfa“

Alþjóðlegt samstarf og heimsóknir

Haustið 2024 tókum við á móti nema frá Mathilde Weber Schule í Þýskalandi í þriggja vikna starfsþjálfun. Í maí 2025 heimsótti ég og verkefnastjóri í læsi þessa skóla í Tübingen með stuðningi Erasmus-styrks. Þar kynntum við starfsemi Jörfa fyrir nemum og kennurum frá ýmsum Evrópulöndum. Kynningin okkar vakti mikla athygli og við fengum boð um heimsóknir til nokkurra landa.

Við eigum von á fleiri erlendum nemum haustið 2025 – tveimur frá Þýskalandi og þremur frá Króatíu. Slíkir tengiliðir styrkja faglegt starf okkar og eykur víðsýni í skólasamfélaginu.

Sýnileiki og faglegt traust

Eftir að við stofnuðum Instagram-síðu Jörfa höfum við orðið sýnilegri – bæði gagnvart foreldrum og öðru fagfólki. Fjölmargir leikskólar hafa heimsótt okkur til að kynna sér okkar starf.

Á vorönn hélt ég fyrirlestur um lærdómssamfélag og skólaþróun fyrir meistaranema í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið HÍ. Í kjölfarið komu nemar í heimsókn og sýndu starfsemi okkar mikinn áhuga – og einn þeirra sótti um starf hjá okkur.

Mikið sköpunarferli fer fram þegar við opnun listasmiðjunnar, sem hafði verið lokuð um ákveðið skeið. Börnin eru alltaf mjög spennt að fara þangað og fá tækifæri til að skapa og upplifa alls konar skapandi efnivið. Starfsfólk er mjög ánægt og segir að það læri mikið frá kennurunum þar. Listasmiðjan er orðin hjarta Jörfa.

Mannauður og starfsánægja

Þegar nýr stjórnandi tekur við verða oft breytingar í starfsmannahópum. Í okkar tilviki voru þær litlar og við höfum nú myndað öflugan og jákvæðan starfsmannahóp. Hlutfall kennara með réttindi er að aukast – við erum nú með fjóra leikskólakennara, þrjá í meistaranámi og fleiri starfsmenn með uppeldismenntun.

Starfsánægja endurspeglast einnig í veikindatölum. Í nóvember 2024 mældist veikindahlutfallið aðeins 1,40%, samanborið við 13,34% árið áður. Þetta segir okkur að starfsfólk líður vel og andrúmsloftið er jákvætt.

Framtíðarsýn og stækkun leikskólans

Stærsta verkefni okkar framundan er vinna við nýja skólanámskrá Jörfa og undirbúningur fyrir stækkun leikskólans. Haustið 2025 opnar Litli Jörfi (Garðaborg) – tvær nýjar deildir fyrir yngstu börnin (1–2 ára). Í Jörfa verða áfram börn á aldrinum 3–6 ára.

Vorið 2026 bætast við tvær færanlegar stofur í stað núverandi fimmtu deildar (Sel), sem munu hýsa 30 barna deild með góðri aðstöðu fyrir starfsfólk. Jörfi verður þá sjö deilda leikskóli með um 130 börn.

Við erum mjög spennt fyrir því að takast á við þær áskoranir og tækifæri sem stækkunin felur í sér.

Vessela Dukova
Leikskólastjóri Jörfa

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Innleiðing nýrra skólastefnu Reggio Emilia
Hvernig fór matið fram?	Deildar- og starfsmannafundir.
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Í matinu tók allt starfsfólk Jörfa þátt, og var hópnum skipt í tvo hluta eftir því hvort þeir starfa á yngri eða eldri deildum.
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Starfsfólk sýnir mikinn áhuga og vilja til fagþróunar og að dýpka skilning sinn á stefnunni, sérstaklega í gegnum skráningar, samvinnu og umræður. Samvinna og áhugi starfsfólks hefur verið burðarás í innleiðingarferlinu. Starfsfólk hefur tekið virkan þátt í fræðslu og sýnt opinn hug gagnvart breytingum. Auka þarf samræmi og samfellu í framkvæmd stefnunnar milli deilda, svo sem með sameiginlegum viðmiðum um skráningu, verkefnavinnu og dýpkun í leik og námi. Halda þarf áfram að þróa faglegt samtal og samvinnu innan teymis, með áherslu á að greina og nýta styrkleika hvers og eins. Nauðsynlegt er að tryggja að allt starfsfólk hafi aðgang að fræðslu, stuðningi og tækifærum til að vinna í anda Reggio Emilia með raunhæfum markmiðum og eftirfylgni. Kanna nýjar leiðir til að virkja foreldra í innleiðingu stefnunnar, t.d. með umræðukvöldum, verkefnadögum eða opnum listaverkstæðum.
Hvað var metið?	**Skapandi námsumhverfi**
Hvernig fór matið fram?	Deildar- og starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Í matinu tók allt starfsfólk Jörfa þátt, og var hópnum skipt í tvo hluta eftir því hvort þeir starfa á yngri eða eldri deildum.
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Mikilvæg skref hafa verið stigin í átt að skapandi, rannsakandi og barnamiðuðu umhverfi, þar sem börn fá tækifæri til að velja viðfangsefni og dýpka eigin hugmyndir. Hugmyndafræði Reggio Emilia endurspeglast í efniviði, skipulagi rýma og áherslu á lýðræðislegt samtal í barnahópi. Skapandi vinnubrögð eru orðin sýnilegri, t.d. með notkun endurvinnanlegs efniviðar, listasmiðju og útiverkefnum. Endurskoða útisvæði og garða í ljósi hugmyndarinnar um umhverfið sem „þriðja kennarann“ – nýta betur náttúrulegan

	og staðbundinn efnivið. Auka fjölbreytni í efniviði á deildum og tryggja að hann sé aðgengilegur og örvandi.
Hvað var metið?	**Flæði og sjálfsprottinn leikur**
Hvernig fór matið fram?	Deildar- og starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Í matinu tók allt starfsfólk Jörfa þátt, og var hópnum skipt í tvo hluta eftir því hvort þeir starfa á yngri eða eldri deildum.“
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Rými fyrir sjálfsprottinn leik hefur aukist með sveigjanlegra dagskipulagi og betra flæði milli svæða, sem hefur stuðlað að aukinni einbeitingu og vellíðan barna. Þátttaka barna í ákvarðanatöku er markvissari, m.a. með uppbrotsdögum þar sem börnin hafa áhrif á dagsskipulagið. Sýnileiki barna og rödd þeirra er tekin alvarlega og viðleitni er til að rýna í merkingu og tilgang leiks þeirra. Þátttaka barna í mati á eigin námi og ákvarðanatöku þarf að verða markvissari og sýnilegri í daglegu starfi. Gefa börnunum meira val og dýpri þátttöku í leik og námi – bæði í skipulagi og framkvæmd. Efla flæði milli deilda og skapa fleiri tækifæri fyrir börnin til að gleyma sér í leik án truflunar.

Ytra mat

Hvað var metið?	**Viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarhátta.**
Hvernig fór matið fram?	Í mars fór fram viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í ár framkvæmdi Gallup könnunina og vann úr henni.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Það sem skín í gegn í niðurstöður er sterk liðsheild, góður starfsandi og jákvæð tengsl milli samstarfsfólks. Einnig er ánægja með sveigjanleika í vinnu og tilfinningu fyrir jafnrétti í starfsumhverfinu. Þetta eru mikilvægir styrkleikar sem við ætlum að halda áfram að hlúa að. Á sama tíma eru nokkur atriði sem við þurfum að skoða betur. Starfsfólk lýsir ákveðinni óvissu þegar kemur að

	upplýsingaflæði og ákvarðanatöku, og sumir upplifa skort á tækifærum til starfsþróunar eða skýrri framtíðarsýn. Þetta eru tækifæri til umbóta sem við ætlum að takast á við með markvissum hætti – í samráði og samvinnu. Við ætlum að ræða þessar niðurstöður saman, forgangsraða verkefnum og móta aðgerðir sem gera okkur kleift að efla bæði vellíðan og faglegt starf.
Hvað var metið?	**Viðhorf foreldra barna í leikskólum**
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun sem fór fram í mars og apríl.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	100% foreldra sögðu að börnin þeirra upplifi öryggi á leikskólanum – sem er einstakur styrkur. Einnig lýstu 95% yfir því að barninu líði almennt vel í leikskólanum. Margir foreldrar upplifa jákvæðan og notalegan starfsanda – og 96,6% telja að hér ríki vingjarnlegt andrúmsloft. Við gleðjumst yfir því að 91% foreldra geta mælt með leikskólanum við aðra – og 93% lýstu yfir heildaránægju með starfið í leikskólanum. Þetta er ekki sjálfgefið og við tökum því með mikilli auðmýkt og ábyrgð. Einnig 65,5% foreldra að leikskólanum sé mjög vel stjórnað – marktækt hærra hlutfall en meðaltal Reykjavíkur (54,4%). Þetta endurspeglar styrkleika í sýnileika stjórnenda, traustu samstarfi og markvissri forystu innan leikskólans. Við lesum einnig vel í þau atriði sem við getum bætt og munum leggja okkur fram um að veita skýrari upplýsingar um starfsemi skólans fyrir fram, auka aðgengi að uppeldislegum ráðgjöfum og skoða betur hvernig við getum mætt þörfum allra barna enn betur – hvort sem það er með skýrari stuðningi, auknu utanumhaldi eða endurbótum á skólalóð.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun	**Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, verkefnastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Apríl 2025/ Júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Gátlisti
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fræðsluefni og verklagsreglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk
Stjórnun	**Handleiðsla**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildastjóra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildastjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, verkefnastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025/ Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Öruggari og faglegri deildarstjórar
Stjórnun	**Faglegt samstarf**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS og Norðurmiðstöð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýliðar munu fara á nýliðafræðslu á vegum SFS
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, verkefnastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt. 2025/ Júní 2026

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Gátlisti
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS

Uppeldis og menntastarf	**Námssvið leikskólans**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ritmál sé sýnilegt innan leikskólans. Vinna eftir Læsisstefnu Jörfa
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Merkja efnivið með bókstöfum og myndum. Hafa bókstafi og tölustafi sýnilega á öllum deildum.
Ábyrgð	Læsisteymi. Deildastjórar, Verkefnastjóri í læsi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025/ Ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Ljósmyndir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allur efniviður sé merktur með myndum og orðum. Að bókstafir og tölustafir séu sýnilegir á öllum deildum
Uppeldis og menntastarf	**Mat á námi og velferð barna**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna. Börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Notast verður við broskalla kerfi og demantaaðferð með börnunum. Sett verður inn í foreldraviðtalsformið umræðupunktur um markmiðssetningar barna.
Ábyrgð	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt. 2025/ Júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Gátlisti, Ferilmöppur, Íslenski þroskalistinn, EFI-2, Hljóm-2 og TRAS matskerfi.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þrosamiðaðar matsaðferðir á námi og stöðu barna. Í árlegum foreldrasamtölum verður skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra.
Uppeldis og menntastarf	**Skólanámskrá Jörfa**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Unnið að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir Jörfa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera nýja skólanámsskrá með virkri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst. 2025/ Jan. 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Útbúa skólanámsskrá sem gagnast starfinu og hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans og um leið upplýsandi fyrir foreldra.

Mannauður	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Þegar stækkun Jörfa verður endanleg og skipting starfseminnar í þrjú hús, er enn frekari þörf fyrir að vinna meira sem ein heild. Mikilvægt að starfsfólk fái tilfinningu að um einn leikskóla er að ræða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda fund með starfsfólki úr öllum húsunum þar sem markmið og gildi leikskólans eru rædd. Búa til kerfi fyrir regluleg samskipti milli deilda og húsanna. Setja upp sameiginlega tækni og verkfæri fyrir allt starfsfólk til að auðvelda samskipti og skipulag.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 /Júní2025.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsþróunar samtöl og viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra starf. Að starfsfólk upplifi sig sem hluta af einni heild og að samstarf og samvinna milli húsanna verði árangursríkt.

4 Innra mat yngri deilda 2024-2025

4.1 Styrkleikar

Innleiðing nýrra skólastefna Reggio Emilia

Góð samvinna milli starfsfólks hefur haft jákvæð áhrif á innleiðingu nýrrar stefnu. Starfsfólk hefur sýnt mikinn áhuga, kynnt sér stefnuna vel og nýtt tækifæri til að fræðast um hana í daglegu starfi. Það hefur verið opið fyrir breytingum og nálgast innleiðingarferlið með jákvæðu hugarfari og opnum hug.

Skapandi námsumhverfi

Námsumhverfi barnanna hefur verið endurskoðað í samræmi við grunnstefnu Reggio Emilia. Umhverfið er nú meira barnmiðað, lýðræðislegt og virkt. Einnig hefur verið aukin áhersla á notkun opins og endurvinnanlegs efniviðar, sem hefur ýtt undir sköpunargleði og frumkvæði barnanna. Fjölgun skapandi svæða hefur leitt til þess að börnin hafa meira val og frelsi í leik og námi. Þá var opið rými við hreyfisvæði breytt í listasmiðju og ráðinn verkefnastjóri sem hefur reynst afar vel. Starfsfólk vinnur með meiri sveigjanleika og er opið fyrir hugmyndum barnanna. Hugmyndir þeirra fá aukið vægi og börnin fá tækifæri til að kanna, prófa og skapa á eigin forsendum. Áherslan hefur færst yfir á ferlið sjálft, frekar en lokaafurðina og skapandi vinna er metin að verðleikum. Einnig hefur skapandi námsumhverfi í auknum mæli færst út fyrir húsnæðið, til dæmis með listsköpun í snjó, málun á snjó og flutningi listasmiðjunnar út á pall.

Foreldrar sem þekkja vel til leikskólans og hafa verið með börn hér áður hafa tekið eftir jákvæðum breytingum og lýst yfir ánægju með þær.

Flæði og sjálfsprottinn leikur

Lögð hefur verið áhersla á að skapa rými fyrir sjálfsprottinn leik og að draga úr truflunum í leik barna. Hópastarf hefur vikið fyrir meira flæði, þar sem rýmið styður við flæði milli leik- og námssvæða og hvetur börnin til sjálfstæðis. Börnin hafa sýnt mikla ánægju og meiri einbeitingu í leik, sem er skýr vísbending um vellíðan og lærdóm.

Aukið hefur verið við þátttöku barna í ákvarðanatöku og skipulagningu verkefna. Gott dæmi um þetta eru uppbrotsdagar síðasta föstudag hvers mánaðar, þar sem börnin fá að kjósa hvernig dag þau vilja eiga og taka því þátt í mótun dagsins.

4.2 Tækifæri

Innleiðing nýrra skólastefna Reggio Emilia

Nauðsynlegt er að efla þekkingu og fræðslu starfsfólks um stefnuna, með áherslu á lykilhugtök hennar og hvernig þau birtast í leik og námi barnanna. Halda þarf áfram að þróa umhverfið með meiri áherslu á opinn og aðgengilegan efnivið. Kynna þarf stefnuna fyrir foreldrum og forsjáraðilum barna til að styrkja samstarf og stuðning við nám og velferð barnanna. Í Reggio Emilia nálguninni eru foreldrar taldir ómissandi samstarfsaðilar í námi barna sinna .

Skapandi námsumhverfi

Í Reggio Emilia nálguninni er umhverfið talið „þriðji kennarinn“. Til skoðunar er að nýta betur efnivið sem útisvæðið og garðurinn býður upp á. Innan deilda þarf að auka fjölbreytni efniviðar til að styðja við skapandi og sjálfstætt nám barna.

Flæði og sjálfsprottinn leikur

Kanna þarf leiðir til að gefa börnunum meira val og ábyrgð í eigin námi, í samræmi við áherslur Reggio Emilia nálgunarinnar. Kanna þarf leiðir til að gera foreldra virkari þátttakendur í stefnunni, til dæmis með því að bjóða upp á sameiginlega verkefna- eða umræðudaga. Í Reggio Emilia nálguninni er samstarf við foreldra talið ómissandi fyrir árangur í námi barna . Auka þarf flæði milli deilda og skapa rými fyrir sjálfsprottinn leik án truflunar, til að styðja við sjálfstæði og vellíðan barna.

5 Umbótaáætlun yngri deilda 2025-2026

Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla.

Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	Lýðræði
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að börnin hafi meira vald í hinu daglega skólastarfi og að starfsfólk móti starfið enn frekar eftir hugmyndum þeirra og áhuga. Aukin kynning á Barnasáttmálanum og réttindum barna, starfsfólks og foreldra.

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að valdefla börnin frekar - að börnin hafi meira vald og áhrif í daglegu lífi, t.d. í vali á verkefnum, leiksvæðum, félagsskap og dagsskipulagi. Halda barnafundi reglulega.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa börnunum rými til tjáningar þar sem virk hlustun á sér stað. Samtengja fræðslu um réttindi barna við Blæ vináttubangsa. Bregðast meira við áhuga og áhugasviðum barnanna
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst að hausti og ekki áætluð lok. Lifandi verkefni.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulega rætt og metið á deildarfundum Metið á starfsmannafundum og með viðtölum við börn.

Deild/aldur barna	**Flæði og sjálfsprottinn leikur**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að auka flæði í daglegu starfi og gefa sjálfsprottnum leik meira rými í dagskipulagi Starfsfólk sé meðvitað um leiðir til að dýpka leik barna.
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Auka gæði flæðis í daglegu starfi Styðja betur við sjálfsprottin leik barna með meiri tíma, rými og sveigjanleika með áherslu á barnið sem virkan þátttakanda og umhverfið sem þriðja kennarann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja rými og efnivið með áherslu á að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði Styðja við könnunarleiki barnanna með fjölbreyttum og opnum efnivið Auka sveigjanleika í dagskipulagi til að leyfa dýpri nálganir.
Ábyrgð	Allt starfsfólk, deildarstjórar hafa yfirumsjónsí
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2025 Áætluð lok vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Símat á deildarfundum, í samverustundum og með samtali við foreldra.

6 Innra mat eldri deilda 2024-2025

6.1 Styrkleikar

Innleiðing nýrra skólastefna Reggio Emilia

Innleiðing nýrrar skólastefnu hefur almennt gengið vel og eftir áramót er starfsfólk orðið öruggara í að framfylgja stefnunni. Starfsfólk er jákvætt fyrir stefnunni og breytingum tengdum henni og það talar um að með nýrri stefnu eru allir virkari þátttakendur í starfinu, bæði börn og fullorðnir. Augljóst er að börnin hafa tekið breytingunum vel. Tekin voru viðtöl við börnin og út úr þeim kom mikil ánægja með breyttar áherslur, börnin eru hrifin af auknu sjálfstæði, lýðræði og sköpun. Starfsfólk finnur fyrir því að börnin eru ánægð með að fá að láta rödd sína heyrast.

Skapandi námsumhverfi

Breytingar á námsumhverfi hafa gengið mjög vel. Bókahornið og einingakubbasmiðjan fengu til að mynda verðlaun. Notkun einingakubba hefur stóraukist, með betra plássi hefur starfið með þá verið markvissara. Einnig hefur listasmiðjan tekið miklum breytingum og starfið þar verið mun markvissara og í anda Reggio Emilia. Deildirnar eru einnig að nýta meira opinn efnivið. Á deildum hefur umhverfið einnig aðlagað, kringlóttu borðin auka á lýðræði meðal barnanna sem er í anda Reggio Emilia. Einnig er allur efniviður aðgengilegur börnunum.

Flæði og sjálfsprottinn leikur

Leikskólinn hefur tekið gríðarlegum framförum með flæði og sjálfsprottnum leik. Börnin hafa tíma og rúm til þess að þróa leikinn og er búið að útrýma álagi við að ganga frá á ákveðnum tímum, fyrir utan þann tíma þegar kemur að hádegismat. Börnin stjórna því sjálf sem þau vilja taka sér fyrir hendur og er starfsfólk hvetjandi í því. Í listasmiðju og einingakubbasvæði sér starfsfólk sérstaklega hvað börnin komast í gott flæði.

6.2 Tækifæri

Innleiðing nýrra skólastefna Reggio Emilia

Innleiðing nýrrar skólastefnu gekk brösuglega í byrjun og er það upplifun starfsfólks að það hefði viljað betri undirbúning í breytingunum og skýrari ramma. Starfsfólk var einnig óöruggt með hvert hlutverk sitt væri með nýrri stefnu.

Skapandi námsumhverfi

Klára þarf að skipta út bananaborðunum. Vantar einnig aðeins inn af meiri efnivið og leikföngum sem hentar áhugasviði barnanna. Bæta þyrfti aðstöðu barnanna á útisvæði, lóðin er almennt ekki hentug fyrir skapandi leik. Rætt var um að enn er eitthvað af stýrðum verkefnum og þarf þeim að fækka.

Flæði og sjálfsprottin leikur

Alltaf má betrumbæta og væri frábært ef börnin gætu valið meira um hvenær þau fara út til dæmis. Betri skapandi umhverfi úti gæti verið hvatning fyrir alla til þess að bæta sjálfsprottna leikinn. Bæta þarf vatnsaðstöðu í garðinum þar sem það ýtir undir meiri flæði úti.

7 Umbótaáætlun eldri deildar 2025-2026

Umbótaáætlun eldri deildar 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla.

Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldri börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	Lýðræði
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að börnin séu virkir þátttakendur í ákvörðunartöku um leikskólastarfið í heild
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin hafi meiri áhrif á það sem þeim viðkemur, að þau láti rödd sýna heyrast og eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með barnafundum og viðtölum. Einnig að starfsfólk sé markvisst að hlusta á það sem börnin hafa að segja og halda skráningar um það.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 hefst Áætluð lok vor 2026

Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið?**	Meta á með barnafundum og samtölum. Einnig þarf starfsfólk að rýna reglulega í hvort börnin séu raunverulega að hafa áhrif á starfið. Halda þarf skráningu til þess að vera viss um allir raddir heyrast. Setja á laggirnar barnaráð í leikskólanum.

Deild/aldur barna	Flæði og sjálfsprottinn leikur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að bæta aðstöðu barnanna svo þau hafi tíma og rúm til þess að sökkva sér í leikinn og komast í flæði.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin komist í gott flæði þar sem þau gleyma stund og stað.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk sé meðvitað um að börnin séu í leik og ekki þarf alltaf að ganga frá.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)**	Með skráningum og viðtölum við börnin

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og gengu mjög vel. Starfsánægja er mikil og starfsfólk tekur breytingunum með jákvæðum hætti. Það er spennt fyrir framtíð Jörfa. Allt starfsfólk verður áfram hjá Jörfa á næsta skólaári, þar af munu sumir starfsmenn stunda nám í leikskólakennarafræðum samhliða vinnu. Nýtt starfsfólk mun bætast við vegna stækkunnar Jörfa. Starfsfólk upplifir jákvætt andrúmsloft og góð samskipti. Það segir að Jörfi sé lítil fjölskylda þar sem allir hlakka til að koma í vinnuna. Samskipti við stjórnendur eru góð og þeir eru aðgengilegir allan daginn. Deildarstjórafundir

eru haldnir einu sinni í viku. Símenntun fer fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast tengjast skipulagsdögum.

Haustönn 2024

- 5. september – Kynning á Reggio Emilia hugmyndafræði með áherslu á hvernig hún tengist starfsháttum í Leikskólanum Jörfi. Þá voru einnig kynntir nýir gildar leikskólans sem starfsfólk var valið til að vinna eftir.
- 15. október – Fyrirlestur: „Umhverfi sem þriðji kennarinn“, sem haldinn verður af SFS, þar sem farið verður í hvernig umhverfið getur stuðlað að námi og þroska barna.
- 22. nóvember – Fyrirlestur: „Hvað er samskiptaleiðtogi?“ MML hélt fyrirlestur um hlutverk og mikilvægi samskiptaleiðtoga í starfi með börnum.

Vorönn 2025

- 2. janúar – Skólanámskrá og hópavinna með gildum Leikskólans Jörfa. Fræðsla um raddbeitingu fyrir leikskólastarfsfólk, þar sem fjallað var um mikilvægi árangursríkrar og viðeigandi raddbeitingar í starfi með börnum.
- 24. mars – Fyrirlestur og umræður um hæglæti í leikskólastarfi, með kynningu á farsæld barna og mál- og læsisstefnu Jörfa. Við skoðuðum einnig hvernig hæglæti getur stuðlað að markvissari og betri samskiptum við börn.
- 20. maí – Fyrirlestur: „Góð samskipti og draumaverkefnið samstarfsfélaginn“. Þar var rætt um hvernig við getum stuðlað að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum meðal starfsfólks.
- 6. júní – Innra mat og starfsáætlun. Þetta var vettvangur til að meta árangur fyrri verkefna og skipuleggja framtíðaráform í samræmi við þarfir leikskólans.

Stjórnendateymi Jörfa tók þátt í Leikskólaverkefni á vegum SFS, þar sem boðið var upp á stjórnendaþjálfun fyrir leikskóla. Einn starfsmaður lauk leikskólaliðanum. Auk þessa fór starfsfólk á ýmis námskeið sem það valdi sér hjá ólíkum aðilum, þar á meðal á Torginu - stafrænt fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.

Í næsta skólaári munum við halda áfram að vera með fræðslu sem tengist Reggio Emilia stefnunni. Markmiðið er að fræðslan styðji okkur í því að verða enn virkari þátttakendur í leik barna, að við lærum að hlusta á raddir þeirra og veitum þeim tækifæri til að taka virkan þátt í eigin námi.

Starfsfólk í námi

Tveir starfsmenn eru að halda áfram í Faghåskólanám í leikskólafræði hjá HÍ og HA.

Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi.

Tveir starfsmenn eru í mastersnámi í yngri barna kennslu grunnskóla.

Einn starfsmaður er í masternámi í leikskólakennarafræði.

Einn starfsmaður er að klára Þroskaþjálfanám.

9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt

Fundur var haldinn að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og leikskólanum Vinagerði. Áætlun fyrir veturinn var gerð, líkt og áður og náðist að fylgja henni að öllu leyti. Nemendur frá okkur fóru í nokkrar heimsóknir á bókasafn Breiðagerðisskóla og fengu að vera með fyrsta bekk í tíma til að upplifa hvernig það er að vera í fyrsta bekk. Elstu árgangur okkar og Vinagerðis hittust. Tilgangurinn var að börn beggja leikskóla gætu kynnst hvert öðru. Einnig fóru þau í skoðunarferð og hittu skólastjóra. Nemendur úr 7. bekk komu til okkar og lásu fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Skilafundir eru haldnir að voru, þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hittu grunnskólastjóra, umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumanni frístundaheimilis, til að fara yfir barnahópinn. Á fundunum voru kynntar niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað sem fer yfir „skil milli leikskóla og leik- og grunnskóla”. Einnig var farið yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa einnig leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til að styðja betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Börnin fara einnig í heimsóknir í Sólbúa, sem er frístundamiðstöð fyrir Breiðagerðisskóla, og fá að taka þátt í starfinu.

Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla í Bústaðahverfi 2024 – 2025 (Jörfi, Vinagerði og Breiðagerðisskóli)

Eftirfarandi samstarfsáætlun var samþykkt á samstarfsfundi með leikskólunum Jörfa, Vinagerði og Breiðagerðisskóla 23 nóv 2024.
Skipulag og fyrirkomulag hvers atburðar er í höndum gestgjafa og/eða í samráði milli leikskóla og Breiðagerðisskóla.

Hvenær og hvað

Hvað	Hvenær	Hvað	Hvenær
Samráðsfundur	23. September 2024	Nem. frá Vinagerði,, Jörfa og Garðaborg í heims. í 1.	Mars 2025
Elstu nemendur á Vinagerði koma á skólasafn	Október 2024	Elstu nemendur í leikskólum skoða Breiðagerðissk.	Apríl 2025
Elstu nemendur á Jörva koma á skólasafn	Október (tveir hópar)	Skilafundir með skóla og leikskólum	Lok maí 2025
Sameiginlegir útileikir í Grundagerðisgarði	Október og febrúar	Vorskólinn og foreldrakynning	Júní 2025
Nem. í sjöunda bekk lesa á leikskólunum	15/18 nóvember 2024	Sameiginleg læsisáætlun - Lærdómssamfélag	Ótímasett
Nemendur í 1. bekk heimsækja gamla leikskólann sinn	Janúar 2025		
Heimsókn í tónmennt	Febrúar 2025		

10 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er mjög góð og hefur gengið vel.

Þáttökuaðlögun fer fram í Jörfa, þar sem foreldrar eru fyrstu þrjá dagana með börnum sínum í aðlögun. Þetta er gott tækifæri til að kynnast foreldrum, starfsfólki og öðrum foreldrum. Áður en aðlögun hefst bjóðum við nýjum foreldrum á kynningarfund þar sem við förum yfir ferlið, kynnum starfsfólk, daglegt starf og svörum spurningum sem kunna að vakna. Aðlögunin síðast ár gekk mjög vel og foreldrar voru ánægðir.

Vikulega eru senda deildarstjórar tölvupóstar til allra foreldra með fréttum frá liðinni viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Microsoft Sway, og foreldrar eru mjög ánægðir með þetta, þar sem það tengir heimili og skóla. Með þessu höldum við foreldra upplýsta, auk þess sem starfsfólk hefur gaman af að halda utan um starfið og sjá hversu mikið er gert í hverri viku.

Við erum með Instagram-síðu sem deilir fréttum af starfinu, þar sem passað er upp á að andlit barnanna séu ekki sýnileg. Við höfum fengið töluverðan fjölda fylgjenda, bæði foreldra og aðra sem vilja fylgjast með starfinu.

Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á ári, bæði að hausti og vori. Við höldum stutt spjall að hausti en ítarlegra samtal að vori. Túlkaþjónusta er alltaf nýtt þegar þess er þörf. Foreldrum hefur einnig verið boðið í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn með bóndagraut og mæðrum og ömmum á

daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn sérstaka dag. Þessar samkomur eru alltaf vel sóttar og öllum, bæði börnum og fullorðnum, finnst þetta mjög skemmtilegt.

Opið hús er haldið að vori þar sem ættmennum gefst tækifæri til að koma og skoða verk eftir börnin. Sumarhátíð er haldin í júní ár hvert og hefur hún verið sameiginleg með foreldrafélaginu síðustu ár, sem hefur gengið mjög vel.

Í foreldraráði sitja þrír fulltrúar, og samskiptin við alla fulltrúa hafa verið mjög góð, með miklum stuðningi frá þeim. Í foreldrafélaginu sitja 11 fulltrúar og aðalfundur var haldinn í húsinu í ár. Foreldrafélagið tók þátt í jólaskemmtun, skipulagði flott sumarhátíð með okkur sem var haldin í byrjun júní. Foreldrar og ættingjar komu á sumarhátíðina, og það var mikil gleði þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Sveitaferð var farin í byrjun maí, utan opnunar leikskólans, og margir tóku þátt.

Við viljum þakka foreldrafélaginu fyrir frábært og metnaðarfullt starf í vetur.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2025-2026 verða 6 talsins eins og hér segir:

22. september 2025

24. nóvember 2025 (sameiginlegur í hverfi)

2. janúar 2026 (sameiginlegur í hverfi)

6. febrúar 2026 (sameiginlegur í hverfi)

21. maí 2026 - Námsferð

22. maí 2026 - Námsferð

(Sjá leikskóladagatal 2024-2025 í fylgiskjali 2)

12 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2024-25

Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Jörfa

Vessela Dukova 19.júní 2025

Leikskólastjóri Dagsetning

12.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2024-2025

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrarráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

12.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2024 – 2025
Jörfi

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hanna Kristín Briem Pétursdóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir
Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

2025-26

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Jörfa

Starfsáætlun Leikskólans Jörfa fyrir skólaárið 2025–2026 er vönduð og metnaðarfull og samræmist vel því faglega starfi sem unnið var á síðasta skólaári. Við fögnum þeirri jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað í leikskólastarfinu, þar sem Reggio Emilia hugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi. Þar er lögð rík áhersla á lýðræði, þátttöku barna, hlý samskipti og námsumhverfi sem styður við sköpun og frumkvæði og allt þetta endurspeglast vel í áætluninni.

Skjalið er aðgengilegt, skýrt uppsett og skrifað á auðlesanlegu máli. Það veitir góða yfirsýn yfir markmið leikskólans, helstu áherslur og umbótaverkefni og gerir foreldrum og starfsfólki kleift að átta sig fljótt á inntaki og stefnu skólans. Starfsáætlunin gefur jafnframt skýra mynd af daglegu starfi leikskólans og hlutverki foreldra í samstarfinu. Þar er m.a. fjallað um aðlögun, samskipti, helstu viðburði og þá sýn að skólastarf byggist á virku samtali við börn og fjölbreyttum aðferðum sem ýta undir frumkvæði þeirra og þátttöku.

Foreldraráð telur starfsáætlunina faglega og vel unna en leggur jafnframt til að dýpka megi ákveðin atriði og bæta við skýrari áherslum á nokkrum sviðum til að styrkja hana enn frekar.

Ábendingar og tillögur foreldraráðs:

Foreldraráð líkt og í fyrri ár hvetur til þess að starfsdagar Jörfa og Breiðagerðisskóla séu samræmdir sem mest, sérstaklega vetrarfrí þar sem Breiðagerðisskóli er í löngu fríi og gott væri að leikskólinn myndi fylgja þessum frídögum líka með starfsdögum. Fjölmargar fjölskyldur eru með börn á báðum stöðum og það er erfitt fyrir foreldra að standa undir öllum þeim starfsdögum og fríum ef einungis 3 dagar eru samræmdir. Sólbúar frístundaheimili er opið fyrir nemendur Breiðagerðisskóla á starfsdögum en ekki í vetrarfríi og nýtist því betur fyrir fjölskyldur hverfisins ef starfsdagur væri í vetrarfríi. Finnst foreldraráði að það megi taka meira tillit til foreldra sem eru flest allir í vinnu sjálfir í þessum málum, síðastliðin vetur var einn skipulagsdagur á Jörfa í fyrra vetrarfríinu og var mikil ánægja meðal foreldra með það.

Í starfsáætlun skólans kemur fram að lóðin henti ekki vel til skapandi leikja. Foreldraráð tók eftir þessu og veltir nú fyrir sér hvað átt sé við. Skólalóðin er mjög rúmgóð og ætti að bjóða upp á margvíslega möguleika til skapandi leikja. Foreldraráð spyr því hvort vandamálið felist í skorti á búnaði eða aðstöðu sem styður við slíkan leik.

Foreldraráð er sammála því að gott samstarf við foreldra sé lykilatriði fyrir árangur barna í námi, eins og kemur fram í kaflanum „*Flæði og sjálfsprottinn leikur*“. Ráðið leggur þó áherslu á að gæta þess að slíkt samstarf leiði ekki til aukins álags á heimili, til dæmis með því að foreldrar þurfi ítrekað að taka frí frá vinnu til að mæta í leikskólann.

Foreldraráð lýsir almennri ánægju með starfsfólk leikskólans, þó hefur skortur á fagmenntuðu og útskrifuðu starfsfólki verið til staðar undanfarin ár. Merki eru þó um að það sé að batna.

Undanfarin þrjú ár hefur foreldraráð bent á að vantað hafi yfirlit yfir menntun starfsmanna í greinargerð leikskólastjóra. Sú upplýsingagjöf hefur vissulega batnað, en foreldraráð vill áfram leggja áherslu á að fá fram skýrt hlutfall starfsfólks með leyfisbréf til kennslu, borið saman við aðra starfsmenn. Erfitt er að lesa það út úr núverandi skýrslu.

Þá leggur ráðið til að bætt verði við tölfræði um barnahópinn á Jörfa og aldursskiptingu nemenda eftir deildum, þar sem slíkar upplýsingar væru bæði gagnlegar og fróðlegar.

Í skýrslum síðustu tveggja ára hefur foreldraráð hvatt leikskólann til að finna leiðir til að efla markvissa hreyfingu og útinám. Ráðið vill áfram leggja áherslu á að útinám verði skipulagðara og markvissara en nú er.

Foreldraráði finnst einnig skorta upplýsingar um hver gegnir hlutverki staðgengils leikskólastjóra og deildarstjóra þegar þeir eru fjarverandi um lengri eða skemmri tíma.

Þá ítrekar ráðið ábendingu síðustu ára um mikilvægi þess að TRAS-matslistinn sé nýttur á öllum deildum. TRAS er skráningartól ætlað til að fylgjast með máltöku barna á aldrinum tveggja til fimm ára og styður við að greina frávik í mál- og félagsþroska með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Foreldraráð leggur áherslu á að niðurstöður TRAS séu kynntar foreldrum í foreldraviðtölum og hefur jafnframt áhyggjur af því hvort nægileg þekking sé til staðar meðal starfsfólks til að leggja listann fyrir og vinna úr niðurstöðum hans á markvissan hátt.

Einnig mætti bæta við sérstökum kafla um jafnrétti, sjálfbærni og umhverfismál.

Skýrar tengingar við fagleg viðmið og lagaramma geta einnig aukið gæði starfs áætlunarinnar. Með einfaldri töflu eða samantekt mætti sýna hvernig leikskólinn vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmálanum, lögum um leikskóla og stefnum Reykjavíkurborgar.

Til að bæta við utan starfsáætlunar þá fagnar foreldraráðið auknu lýðræði meðal barnanna líkt og sést á uppbrots-föstudögunum þeirra. Langar ráðinu í framhaldi að hvetja til þess að aðrir uppbrotsdagar (bleiki dagurinn, náttfatadagur o.s.frv.) verði einungis framkvæmdir á leikskólanum eins og með sköpun á hjartalist á Hjartadegi, sköpun með bleikum efniviði á bleika deginum og jafnvel búningum sem þau skapa sjálf á öskudegi eða hrekkjavöku. Í hröðum heimi er aukið álag á foreldra ungra barna og því mikilvægt að með samhentu átaki sé unnið markvisst að því að minnka það álag. Barnið nýtur góðs af því þegar uppi er staðið.

Foreldraráð óskar eftir frekari upplýsingum og kynningu fyrir foreldra um fyrirhugaðar framkvæmdir, þar sem áætlað er að tvær færanlegar kennslustofur komi í stað Sels.

Að lokum væri æskilegt að starfsáætlunin tæki til viðbragða við neyðartilvikum og öryggismála. Það gæti verið með lýsingu á eldæfingum, ferðaáætlunum, eineltisviðbrögðum, viðbrögðum við slysum eða veikindum. Slíkur kafli styrkir öryggisvitund og eykur traust foreldra á daglegu starfi leikskólans.

Foreldraráð þakkar fyrir afar gott samstarf við leikskólann. Það ríkir jákvætt andrúmsloft og starfsánægja er greinileg í allri starfsemi. Viðhald og endurskoðun á plássi leikskólans hefur verið til fyrirmyndar.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST